

Foreldrafélag Sjálandsskóla

Fundargerð 16. nóvember, 2009

Fundur var settur kl: 17:00 í fundarherbergi Sjálandsskóla. Mættar voru Guðrún Kristjánsdóttir, Aníta Sigurbergisdóttir, Berglind Víðisdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

- Laufabrauð
- Stefnumótun vegna styrkveitinga foreldrafélags til ferða nemenda
- Félagsgjald foreldrafélags
- Erindi frá Helga varðandi Velferðarsjóð
- Bekkjarkvöld
- Önnur mál

Laufabrauð

Laufabrauðsdagurinn verður fyrsta í aðventu, sunnudaginn 29. nóvember frá 10:30 – 13:30. Sami háttur verður og í fyrra, mæting 10:00 í undirbúning, hætt að steikja um 13:30 og búið að þrifa um 14:00. Gerum ráð fyrir að steikja í 4 pottum. Foreldrar koma með veitingar á hlaðborð og drykki en boðið verður upp á djús og kaffi. Ákveðið var að selja laufabrauðskökur á staðnum og nýta þennan viðburð sem fjáröflun fyrir skíðaferð nemenda í febrúar. Verkefni eru eftirfarandi:

- Biðja Helga um að virkja nemendur í tónlistarmál (Guðrún)
- Skorið verður út í sal og steikt í a) eldhúsi ef tilbúið b) eldhúsi á færanlegum hellum eða c) á nemendasvæði (Guðrún athugar)
- Uppfæra skipulagsplagg frá í fyrra (Guðrún)
- Búa til þrífhóp (Guðrún)
- Tölvupóstur til foreldra á miðvikudag (Guðrún)

- Auglýsingar í skóla (Aníta)
- Biðja foreldra um áminningu í vikupósti til foreldra (Guðrún)
- Tilkynna sérstaklega og virkja bekkjarfulltrúa (Guðrún)
- Fá verð í laufabrauð og athuga með skilarétt (Berglind)
- Setja saman innkaupalista og kaupa inn (Guðrún – Berglind)

Stefnumótun vegna styrkveitinga foreldrafélags til ferða nemenda

Komið er í ljós að ekki er til fjármagn fyrir Reykjaferð 7. bekkjar og skíðaferð nemenda en Sjálandsskóli og foreldrafélag hafa lýst yfir eindregnum vilja til þess að halda í þessar ferðir ásamt innilegu að vori. Foreldrafélag er tilbúið til þess að finna leiðir til fjáröflunar svo nemendur eigi þess kost að fara í báðar ferðir og leggur til eftirfarandi:

- Laufabrauð og steiking verði selt til foreldra sem fjáröflun fyrir skíðaferð nemenda
- Að sér fjáröflun verði fyrir Reykjaferð 7. bekkjar sem foreldrafélag aðstoðar við að undirbúa og nemendur taka þátt í.
 - Þurfum að virkja gjaldkera foreldrafélags í fjárhagsáætlun og fá upplýsingar frá skóla um kostnað við þessar ferðir.

Félagsgjald foreldrafélags

Gjald er valfrjálst og var engin beiðni send í fyrra til foreldra. Vegna ofangreindra ferða viljum við senda beiðni um framlag nú og sér gjaldkeri um það.

Erindi frá Helga varðandi velferðarsjóð

Helgi hefur stofnað velferðarsjóð nemenda og óskað eftir því að foreldrafélag veiti honum forstöðu. Framlög í sjóðinn nema nú um 200.000 kr. og ályktaði foreldrafélag að megintilgangur sjóðsins ætti að vera styrkir til einstakra nemenda til skólaferða eða skólagagna. Bryndís Björk mun sjá um að setja saman tillögur að starfsreglum sjóðsins og stefnt er á að vera tilbúin með ramma fyrir stjórn sjóðs, starfs- og úthlutunarreglur fljótlega.

Eftir að starfsreglur hafa verið samþykktar verður sjóður kynntur fyrir foreldrum og aðgengi að umsóknum opnað.

Bekkjarkvöld

Ekki hafa allir árgangar haldið bekkjarkvöld og eru síðustu forvöð að klára það fyrir jólastarf.

Önnur mál

Tölvumál skólans bárust í tal og bent á að í Sjálandsskóla eru 6-7 nemendur á tölvu en í öðrum skólum Garðabæjar eru 3-4 nemendur á hverja tölvu. Foreldrafélag gerir sér grein fyrir að ekki er fjármagn til tölvukaupa en óskar eftir hugvitssömum leiðum til þess að bæta úr þessu. (Guðrún nefnir við Helga)

Einnig var rætt um vannýtingu skólalóðar, vöntun á aðstöðu til boltaípróttas.s. fótbolta, skotbolta, brennó og baráttu um battavöllinn. Í því sambandi var einnig rætt um öryggi á skólalóð, áhyggjur foreldra af umferð fyrir ofan skóla og sjónum fyrir neðan skóla og hvort öryggi við skólann hefði verið metið. Bent var á hvort hægt væri að nýta betur það sem væri til staðar og fara í hugmyndavinnu um að nýta nærumhverfi fyrir t.d. sparkvelli.

Aðstaða í Sælukoti barst í tal og sjá foreldrar þar tækifæri til uppbyggingar á starfsemi. Lögð var rík áhersla á hreinlætisaðstöðu, aðgengi að starfsfólki í síma, ábyrgð á viðveru barna og faglegt starf. Berglind mun setja upp formlegt erindi til skóla þar sem óskað er eftir að foreldrar komi að stefnumótun fyrir Sælukot og að rammi verður settur um starf og starfsreglur.

Guðrún benti á að áhöld vantar í leikfimissal og vilja foreldrar bæta úr því. Þurfum að fá upplýsingar um hvað er til, hvað vantar og hvort eitthvað er til hjá Garðabæ sem hægt væri að nýta.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið um 18:20

Fundarritari: Aníta Sigurbergsdóttir